

Starfsgreinaráð	Bygginga-og mannvirkjagreinar	
Starfsheiti	Málari	Löggilt iðngrein
Dagsetning	17. september 2021	
Útgáfunúmer	1.0	

Starfalýsing:

Málari ný- og endursparslar og malar einstaka húshluta, byggingar, samgöngu- og orkumannvirki og skip að utan sem innan. Málari vinnur við nýbyggingar, endurbyggingar, viðhald og viðgerðir inni og úti og metur þörf á viðhaldi. Notar verkfæri, efni og vinnuaðferðir sem henta hverju sinni. Málari vinnur samkvæmt kröfum um öryggismál, umgengni og efnameðferð og vinnur eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði. Hann þekkir grundvallatriði sjálfbærni í byggingariðnaði, umhverfisverndar, vistvænar byggingar og endurvinnslu og förgun. Málari sýnir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði og er meðvitaður um vandað handverk. Annast samskipti við verkkaupa og leiðbeinir kaupendum um val á efni og vinnuaðferðum. Málari sýnir kostnaðarvitund, gerir einfaldar kostnaðaráætlanir og hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.

Hæfnikröfur:

Les bygginganefndar- og deiliteikningar af einstökum húshlutum og frágangi húshluta og verkþátta.

Velur efni, annast alla undirvinnu og ný- og endurmálar yfirborð, inni og úti.

Teiknar upp og útfærir máluð og þrykkt skilti og auglýsingar, bæði í höndunum og teikni- og hönnunarforritum.

Kann meðferð og notkun á eldvarnarmálningu og þekkir helstu votrymiskerfi.

Metur steypu og steypugalla og ákveður hvort hann eða aðrir iðnaðarmenn annist viðgerðir.

Þekkir afleiðingar raka, myglu og helstu tegunda fúa.

Þekkir lög og reglur um verndun og friðun húsa, gamlar byggingarhefðir, handverk og eldri málningaraðferðir.

Velur aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem henta hverju sinni.

Hefur vald á notkun efna sem breyta áferð.

Þekkir lita- og formfræði og helstu stíltímabil.

Þekkir lög og reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þekkir áhættumat og áhættugreiningu og fylgir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði, m.a. með notkun viðeigandi öryggisbúnaðar.

Hefur tileinkað sér snyrtimennsku og gengur vel um vinnustað sinn.

Þekkir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum í starfi og við efnisval.

Býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt, er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð og getur lagt mat á eigin vinnu